

Nr. 145 / 10 Sólbakur EA 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1395
Smíðaður: Pasajes Spáni 1974, stál
Stærð: 941,2 brl. 1329,7 bt.
Mesta lengd: 68,66 m Skráð lengd: 59,86 m
Breidd: 11,6 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 2090 kW, 1973
Fjöldi skipverja: 13



Gögn:
Gögn RNS

Sólbakur©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. nóvember 2010 var Sólbakur á togveiðum í kantinum vestur af Hala. Veður: NA 15-18 m/s, ölduhæð 3-4 m.

Skipverjar voru að losa dauðalegginn úr öðrum toghleranum og hélt annar skipverjinn slaka á leiðara á meðan hinn var að losa úr hleranum. Híft var í leiðarann áður en búið var að losa hann og varð þá vinstri hendi þess sem hélt uppi leiðaranum á milli leiðarans og rörs sem liggur yfir rennuna.

Eftir samráð við lækni var ákveðið að senda þyrilu á staðinn en hún varð frá að hverfa vegna dimmviðris. Þá var haldið inn til Flateyrar þar sem bátur var fenginn til að sækja slasaða og flytja í land þar sem ekki var unnt að leggjast að bryggju. Var slasaði fluttur á sjúkrahús á Ísafirði og í ljós kom að hann hafði misst þrjá fingur, stóran hluta handarbaks og var illa handleggsbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að búið var að lása leiðara frá grandaravindunni í dauðalegginn áður en dauðaleggurinn var aftengdur hleranum. Hleramaðurinn á bakborðshlera var rétt að ljúka því og beið félagi hans eftir að hann kæmi endanum frá sér niður í rennuna áður en hann slepti leiðaranum;
- að hleramenn á stjórnborðshlera voru búnir að sleppa dauðaleggnum niður og að sögn spilmanns í stjórnbúri vindanna ætlaði hann að hífa í

stjórnborðs leiðara en ruglaðist á stjórnstöngunum og hífði í bakborðsleiðara;

- að stjórnstangir vindanna standa í röð í langskurðarfleti skipsins og sú sem er framar og til hægri þegar spilmaður stendur við stjórnstækin stjórnar stjórnborðsvindunni en aftari stöngin fyrir vinstri hönd stjórnar bakborðs vindu en þessi uppröðun er önnur þegar menn standa við togvindurnar;
- að spilmaður sagði að hann hafi áður staðið sig að því að ruglast á handföngum og hann viti til þessa að aðrir hafi gert það einnig án þess að slys hafi hlotist af;
- að slasaði taldi að spilmaður hefði ekki haft ástæðu til að hífa í stjórnborðsgrandarann. Bakborðsgrandari var ekki kominn niður í rennu og ekki var búið að gefa honum merki um að hífa;
- að ekki var neyðarstöðvun höfð í stjórnklefa spilmanns;
- að öryggisnefnd skipsins tók þetta til skoðunar og lét í framhaldi breyta fyrirkomulagi á tengingum stjórnstanganna til þess horfs sem er við togvindurnar.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til mistaka spilmanns sem og óheppilegrar röðunar stjórnstanga spila í hífibúri.

Nefndin fagnar því að starfandi sé öryggisnefnd á skipinu og að hún hafi látið framkvæma breytingar á vinnuaðstöðunni til samræmis við tillögur frá aðilum er að málinu komu.